

Sp.

800. Tillaga til þingsályktunar

[211. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða uppbætur á laun opinberra starfsmanna.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Jóhann Hafstein, Guðmundur Í. Guðmundsson, Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar rannsaka, hvort rétt sé, að kaup og kjör starfsmanna ríkisins eftir launalögum séu nú mun lakari en annarra starfsstétta vegna kauphækkana þeirra og kjarabóta eftir setningu launlaganna 1945, og ef svo reynist, heimilar Alþingi ríkisstjórninni að verja allt að 4 milljónum króna úr ríkissjóði til greiðslu uppbóta á laun starfsmanna ríkisins á yfirstandandi ári. Ríkisstjórnin ákveður í samráði við stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, hverjir fái uppbætur greiddar og eftir hvaða reglum.

Greinargerð.

Þegar laun opinberra starfsmanna voru ákveðin með l. nr. 60 frá 12. marz 1945, var höfð hliðsjón af launum þeirra, sem laun tóku samkvæmt ákvæðum kjarasamninga stéttarféлага, að svo miklu leyti sem við átti. Síðan launalögin voru sett, hefur orðið veruleg breyting á launum samkvæmt ýmsum kjarasamningum stéttarféлага til hækkunar. Telur B. S. R. B. þessa breytingu svo verulega, að í ýmsum tilfellum sé jafnvel um þriðjungshækkun grunnlauna að ræða. Hefur B. S. R. B. borið fram við ríkisstjórnina kröfu um, að laun opinberra starfsmanna verði á þessu ári hækkuð um 25%, og er sú krafa rökstudd með því, að þessi hækkun sé nauðsynleg til þess að ná svipuðu jafnvægi á milli launa opinberra starfsmanna og daglaunamanna og var 1945, er launalögin voru sett. Þessari kröfu er fylgt fast eftir af öllum félagsdeildum innan bandalagsins. Innan ríkisstjórnarinnar mun ekki hafa náðst samkomulag um að mæta þessum kröfum bandalagsins.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að af hálfu B. S. R. B. hafi verið færð svo sterk rök fyrir því, að mjög halli nú á opinbera starfsmenn um launagreiðslur, miðað við aðra launamenn í landinu, að ekki verði komiðt hjá að láta nú þegar fara fram rækilega rannsókn á því, hvort og að hve miklu leyti fullyrðingar og kröfur opinberra starfsmanna séu réttmætar. Leggja flutningsmenn tillögunnar til, að ríkisstjórninni verði falið að rannsaka þetta atriði. Reynist kröfur opinberra starfsmanna réttmætar, vilja flutningsmenn tillögunnar heimila ríkisstjórninni að verja allt að 4 millj. kr. úr ríkissjóði til þess að mæta kröfum B. S. R. B., og skal fénu ráðstafað að fengnum tillögum B. S. R. B.

Engin tillaga er gerð um það, með hverjum hætti tekna skuli aflað til þess að mæta þessum útgjöldum, en á það skal bent, að tekjur ríkissjóðs af almenna eignauppgjörinu eru áætlaðar yfir 8 millj. kr., og hefur aðeins helmingi þeirrar upphæðar verið ráðstafað. Um eða yfir 4 millj. kr. af þessu fé ættu því að vera handbærar, og virðist þeim ekki illa varið, þótt notaðar yrðu til þess að rétta hlut opinberra starfsmanna, ef rannsókn sú, sem tillagan fer fram á, gefur tilefni til þess.